

## SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt nr. 12 5. febrúar 1958 um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar nr. 215 27. desember 1947.

### 1. gr.

Í stað orðanna „Bæjarráð skal skipað fimm fulltrúum“ í 1. gr. 1. mgr. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð skal skipað þrem bæjarfulltrúum“.

### 2. gr.

Eftir setningunni: „Í forföllum aðalmanna skulu varamenn mæta“ í 1. gr. 3. mgr. i. f. samþykktarinnar, komi: „Bæjarráð getur leyft, að flokkur, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki fulltrúa í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti“.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1970.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Jón S. Ólafsson.*

30. júlí 1970.

Nr. 163.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 30. júlí 1970.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur frá Ási í Hegranesi.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður hinn 7. júlí 1969 í tilefni af því, að þá eru liðin 100 ár frá stofnun fyrsta kvenfélags í Skagafirði, en það var gert að Ási í Hegranesi, og að frumkvæði frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur, húsfreyju þar.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100 000.00 og er það lagt fram af kvenfélögum í Sambandi skagfirzkra kvenna og ættingjum frá Sigurlaugar Gunnarsdóttur.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki eða á annan tryggilegan hátt að mati sjóðstjórnarinnar.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Héraðssjúkrahúsið á Sauðárkróki og ellideild þess eða elliheimili, sem reist kann að verða í hennar stað, til kaupa á lækninga-

tækjum eða öðru því, sem stjórn sjóðsins telur mesta nauðsyn á á hverjum tíma. Óheimilt er að nota fé sjóðsins til rekstrar þessara stofnana.

## 4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

## 5. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku minningargjöfum og öðrum gjöfum.

Sérstök þar til gerð bók skal liggja frammi í sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og má færa í hana stutt æviágrip þeirra, sem minningargjafir eru gefnar um og skulu gefendur annast ritun þeirra.

## 6. gr.

Úthlutun úr sjóðnum skal í fyrsta sinn ekki fara fram fyrr en höfuðstóll hans er orðinn kr. 200 000.00, en þá má veita úr honum þá upphæð sem umfram er kr. 100 000.00.

Eftir það er stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum eftir því sem henni þykir henta, þó þannig að óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins þannig að hann verði lægri en kr. 100 000.00.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa yfirlæknir Héraðssjúkrahússins á Sauðárkróki og tvær konur, önnur búsett á Sauðárkróki en hin í Skagafjarðarsýslu.

Konur þessar skulu vera starfandi kvenfélagskonur og skulu þær kosnar á aðalfundi Sambands skagfirzkra kvenna til þriggja ára í senn. Á sama hátt skulu kosnar tvær konur til vara.

Endurskoðendur reikninga Héraðssjúkrahússins skulu endurskoða reikninga sjóðsins árlega.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga sjóðsins, reikningshald og fjárreiður allar.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 7. júlí 1969.

F. h. stofnenda í stjórn Sambands skagfirzkra kvenna:

Pála Pálsdóttir.

Helga Kristjánsdóttir.

Emma Hansen.

## S A M Þ Y K K T

## um sveitarstjóra í Eyrarbakkahreppi í Árnassýslu.

## 1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er ráðningartímabil hans hið sama og kjörtímabil hreppsnefndar.

## 2. gr.

Sveitarstjóri á sæli á fundum hreppsnefndar og hefur óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.